

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 8. mars 2018 - R18020219

	Fundargerðir:	
R18010025	Fundargerð 82. fundar svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, frá 2. mars 2018.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R18020049	Fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, dags. 6.2.'18, varðandi auglýsingakostnað Reykjavíkurborgar.	Sent innkaupadeild til umsagnar.
R18020258	Frumvarp til breytingar á sveitarstjórnarlögum (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn)	Sent skrifstofa borgarstjórnar til umsagnar.
R16090034	Bókun hverfisráð Laugardals frá 26. febrúar 2018, um áfangaskýrslu starfshóps um skipulags- og uppbyggingarmál á íþróttasvæði Þróttar og Ármanns.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar og borgarfulltrúum til kynningar.
R17080183	Bókun hverfisráðs Laugardals frá 26. febrúar 2018, um tónlistarhátíðina Secret Solstice 2018.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16050092	Áskorun frá íbúafundi á Kjalarnesi vegna umferðaröryggis við Vesturlandsveg, frá 22. febrúar 2018.	Sent borgarfulltrúum til kynningar
R17060126	Bréf Mandat lögmannsstofu, dags. 25. febrúar 2018, varðandi rekstrarleyfi Gamla bíós.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17090055	Áskorun frá félagi ábyrgra hundaeigenda til Reykjavíkurborgar, dags. 10. febrúar 2018, um að gera reykjavíkurborg að hundavænni borg	Sent heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur til meðferðar.
R15080038	Auglýsing um málþing ÖBÍ, Stóra bílastæðamálið: aðgengi að bílastæðum fyrir hreyfihamlað, 12. mars 2018	Sent borgarfulltrúum og ferlinefnd til kynningar.
R15050018	Alyktun aðalfundar umhverfsvaktarinnar í Hvalfirði frá 25. febrúar 2018 um atvinnulíf innan borgarmarkana í stað mengandi stóriðju.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18020264	Tilkynning um framlengdan frest til skráningar á ráðstefnu um jafnrétti, fjölbreytileika og þátttöku allra 11.-13. júní nk.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16020151	Fundarboð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna ársins 2018.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18010042	Erindi sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. mars 2018, um skráningu á kynningarfund 22. mars 2018 um handbók um íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa.	Sent stjórnkerfis- og lýðræðisráði til meðferðar og borgarfulltrúum til kynningar.
R18030045	Frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu (réttur til einbýlis og sambúðar við maka á öldrunarstofnunum), 178. mál.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R18030050	Tillaga til þingsályktunar um aðgang að rafrænum smiðjum, 236. mál.	Sent skóla- og frístundasviði til umsagnar.
R18020106	Umsögn velferðarsviðs og barnaverndar um frumvarp til laga um útlendinga (fylgdarlaus börn) - 42. mál	Sent borgarfulltrúum til kynningar.

R17060227	Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun lóðar í Suður-Mjódd til félagseldri borgara	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
R17020254	Tillaga ungmennaráðs vesturbæjar um aukin atvinnutækifæri unglinga	Sent mannauðsdeild til umsagnar.
R15090142	Drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum	Sent menningar- og ferðamálasviði og umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
R18010128	Bréf Reita, dags. 5. desember 2017, um samstarf við Reykjavíkurborg um þróun, skipulag og uppbyggingu.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar.



Fundargerð

82. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 2. mars 2018 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson og Halldór Halldórsson

Kópavogsbær:

Hreiðar Oddson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir

Seltjarnarnesbær:

Bjarni Torfi Álfþórsson og Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Ólafur Ingi Óskarsson boðaði forföll.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð. Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040: Breyting vegna Borgarlínu / málsnr. 1702003 Lokaafgreiðsla sbr. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga.

Í kynningarferlinu bárust athugasemdir og/eða ábendingar frá 21 aðila og þar af 6 lögbundnum umsagnaraðilum. Fyrir hafði Skipulagsstofnun lagt fram umsögn við tillöguna en svæðisskipulagsnefnd brást við þeirri umsögn á fundi þann 24.11.2017 og lagfærði tillöguna og umhverfisskýrslu fyrir auglýsingu. Í umsögn sinni lagði Skipulagsstofnun m.a. til að lega Borgarlínu yrði sett skýrar fram á korti 2 með sambærilegum hætti og núverandi stofnvegir á korti 4 í gildandi svæðisskipulagi. Svæðisskipulagsnefnd taldi hins vegar ekki rétt að draga legu Borgarlínu upp á skýringarkort. Með því væri verið að gefa villandi skilboð um hvaða skipulagsákvörðun er verið að taka með svæðisskipulagsbreytingunni. Sveitarfélögin festa legu Borgarlínu í sínum aðalskipulagsáætlunum, innan þeirra samgöngu- og þróunarása sem dregnir eru upp í svæðisskipulagi. Umsögn Skipulagsstofnunar dags. 21. nóvember 2017 fylgdi auglýstri breytingartillögu.

Í greinargerð með endanlegri tillögu er að finna allar athugasemdir ásamt viðbrögðum svæðisskipulagsnefndar við þeim. Í greinargerð með viðbrögðum er farið yfir hverja og eina umsögn með efnislegu svari og viðbrögð. Í upphafi greinargerðar er styttri samantekt þar sem athugasemdur er skipt niður í fimm efnisflokka:

i. Borgarlínan er óraunhæf, kostnaðarsöm, mun ekki bæta samgöngur

5 af 21 aðila telja svo vera. Lagt er til að brugðist verði við þeim athugasemdum með því að styrkja rökstuðning með skipulagsbreytingunni í greinargerð.

ii. Samgöngu- og þróunarásar, kjarnar

4 af 21 leggja til breytingar á legu samgöngu- og þróunarásum. Lagt er til að brugðist verði við með því að skilgreina samgöngu- og þróunarás milli Smárans og Mjóddar.

iii. Byggðamynstur

Í umsögnum 7 af 21 aðila koma fram ábendingar sem snerta útfærslu nærumhverfis. Lagt er til að þeim ábendingum sé vísað til næstu skipulagsstiga og þeirra eftirfylgni svæðisskipulagsnefndar sem fellst í gerð leiðbeininga.

iv. Jákvæð umhverfisáhrif

7 af 21 aðilum lýsa skýrt yfir jákvæðum skoðunum á breytingartillögunni einkum með tilliti til loftslagsmála og annarra umhverfisáhrifa. Gefur ekki tilefni til sérstakra viðbragða annarra en að bæta tilvísanir í umhverfisskýrslu.

v. Engar athugasemdir

4 aðilar gera engar athugasemdir.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að senda tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 og umhverfisskýrslu ásamt breytingartillögum og umsögn við innkomnum athugasemdum til lokaafgreiðslu aðildarsveitarfélaga í samræmi við 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

2. Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040: Vaxtamörk í landi Reykjavíkur, Álfsnes / málsnr. 1712001

Í tengslum við áformaðar breytingar á svæðisskipulagi vegna starfsemi Björgunar kom Bryndís G. Róbertsdóttir sérfræðingur hjá Orkustofnun á fund nefndarinnar og veitti upplýsingar um framgang efnistöku í Faxaflóa og það leyfisveitingarferli sem framundan er vegna efnistöku. Í máli Bryndísar kom m.a. fram að ekki liggja fyrir upplýsingar um áætlaða efnispörf á höfuðborgarsvæðinu.

Svæðisskipulagsnefnd samþykkti verkefnislýsingu þann 8. desember 2017. Jafnframt samþykkti svæðisskipulagsnefnd að hluti af skipulagsvinnunni yrði sérstök úttekt á framboði atvinnu- og iðnaðarsvæða hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. VSÓ hefur umsjón með því verkefni og er reiknað með að niðurstöður liggja fyrir í lok marsmánaðar.

Verkefnislýsing hefur verið afgreidd í öllum aðildarsveitarfélögum og fer nú í umsagnarferli.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar Bryndísi G. Róbertsdóttur greinagott erindi um stöðu efnistöku á Faxaflóa. Svæðisskipulagsnefnd leggur áherslu á að úttekt á atvinnusvæðum liggja fyrir áður en drög að tillögum að svæðisskipulagsbreytingu verði fullmótaðar. Líkt og kemur fram í verkefnislýsingunni verður að gera ráð fyrir að niðurstöður úttektarinnar hafi mótandi áhrif á tillögugerðina. Nefndin telur brýnt að samhliða úttekt á atvinnusvæðum verði lagt mat á efnispörf á höfuðborgarsvæðinu, stöðu efnistökunáma á landi í og við höfuðborgarsvæðið.

Halldór Halldórsson vék af fundi.

3. Ráðandi þættir við staðsetningu vínúða: Samtal við fulltrúa ÁTVR

Til samtals koma Sveinn V. Árnason framkvæmdastjóri og Sigrún Ósk Sigurðardóttir aðstoðarforstjóri.

Umræður.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar Sveini og Sigrúnu fyrir greinagóður upplýsingar. Nefndin áréttar að í svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 eru sett fram markmið um breyttar ferðavenjur. Stefna um eflingu miðkjarna og samgöngumiðaðra svæða er stór liður í því. Til að ná þessum markmiðum eru sett fram aðgerðir sem flestar beinast að sveitarfélögunum sjálfum.

Aðgerð 1.2.7 er þó vísað til ríkisins og stofnana þess, um að beina sinni starfsemi á miðkjarna og þróunarása.

Líkt og fram kemur í áfengislögum er gert ráð fyrir að ÁTVR hafi samráð við sveitarfélög og skipulagsnefndir við opnun útsölustaðar. Svæðisskipulagsnefnd skorar á ÁTVR að vinnubúðir verði ekki fluttar frá miðkjörnum líkt og gerst hefur, og að alltaf verði haft náið samráð við sveitarfélög um staðsetningu vinnubúða líkt og kveðið er um í áfengislögum.

Sigurður Guðmundsson og Stefán Bergmann viku af fundi.

- 4. Aðalskipulag Reykjavíkur: Laugavegur-Skipholt / málsnr. 1710005**
Vinnslutillaga til umsagnar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Niðurstaða

Svæðisskipulagsnefnd telur áform um aukið byggingarmagn innan samgöngu- og þróunarás í góðu samræmi við þau viðmið sem sett eru fram í yfirstandandi breytingu á svæðisskipulagi. Nefndin minnir á þau markmið sem sett eru undir leiðarljósi 5 um gott nærumhverfi. Þar er lögð sérstök áhersla á að skapa þurfi skjólgóð og sólrík almenningsrými á samgöngumiðuðum svæðum. Heimildir til hækkunar húsaáæða við sunnanverðan Laugarveg geta auðveldlega unnið gegn þessu markmiði og að því þarf að huga sérstaklega í útfærslu. Að lokum bendir svæðisskipulagsnefnd á að í nýrri umferðarspá VSO þar sem miðað er við breyttar ferðavenjur er gert ráð fyrir að bílumferð á þessu svæði verði 30% minni en reiknuð hámarksuferðarsköpun.

- 5. Aðalskipulag Reykjavíkur: Iðnaður og önnur landfrek starfsemi / málsnr. 1802001**
Verklýsing til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Í verkefnislýsingunni kemur fram að umrædd breyting varðar að líkindum ekki stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Breytingartillögur munu einkum ná til svæða sem eru innan vaxtarmarka svæðisskipulagsins og einkum varða endurskilgreiningu landnotkunarheimilda á einstökum atvinnusvæða. Við vinnuna verður horft til greiningar sem svæðisskipulagsnefnd er að láta vinna um landþörf iðnaðar- og athafnasvæða á höfuðborgarsvæðinu öllu

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við verklýsinguna enda verði horft til greiningar svæðisskipulagsnefndar um landþörf iðnaðar- og athafnasvæða á höfuðborgarsvæðinu öllu. Mikilvægt er að viðhafa gott samstarf allra sveitarfélaganna þegar kemur að staðsetningu á starfsemi sem hefur ónæði í för með sér.

- 6. Aðalskipulag Reykjavíkur: Afmörkun landnotkunar - Svæði fyrir samfélagsstofnanir / málsnr. 1802002**
Verklýsing til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Um er að ræða smávægilega breytingu á skipulagsuppdrætti þar sem verið er að lagfæra ósamræmi í skipulagsuppdrætti þannig að landnotkunarreitir samfélagsstofnana við Völvufell 9 falli að lóðarmörkum.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur breytinguna ekki gefa tilefni til athugasemda nefndarinnar þar sem hún hefur ekki svæðisbundið vægi og er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

- 7. Aðalskipulag Mosfellsbæjar: frístundasvæði í suðurhluta / málsnr. 1802003**
Verklýsing til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Í svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 er ekki mörkuð sérstök stefna um útfærslu frístundahúsabyggðar önnur en að hún sé utan vaxtarmarka. Við skipulag svæða utan vaxtarmarka er lögð áhersla á að vernda landbúnaðarland og náttúruríkt umhverfi. Sú breyting sem boðuð er á aðalskipulagi Mosfellsbæjar ætti að stuðla að betri nýtingu þeirra frístundahúsasvæða sem fyrir eru á höfuðborgarsvæðinu og þannig minnka þörf á nýjum svæðum.

Í verkefnislýsingunni er þess getið að svæðin sem umræðir séu á fjarsvæði vatnsverndar vegna framtíðarvatnsbóls við Fossvallaklif. Með breytingum sem gerðar voru á vatnsverndarsvæðum höfuðborgarsvæðisins varð nokkur breyting á mörkum og skilgreiningu verndarsvæða á syðstu frístundahúsareitum innan Mosfellsbæjar. Engin reitanna eru á fjarsvæði vatnsverndar líkt og lesa má úr aðalskipulagsupprætti Mosfellsbæjar. Nokkrir reitir eru hins vegar á skilgreindu öryggissvæði vatnsverndar vegna vatnsbóla Jaðars og Gvendarbrunna.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að sú vatnsvernd sem gildir á svæðinu er flokkurinn öryggissvæði en ekki fjarsvæði líkt og kemur fram í greinargerð. Almennt er gert ráð fyrir að starfsemi geti verið á öryggissvæðum. Breytingar á skipulagi inna öryggissvæða kallar á mat á áhættu sem gera þarf í samvinnu við heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:15.

BORGARSTJÓRN 6.2.2018: Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um auglýsingakostnað Reykjavíkurborgar 2015-2017 R18020049

Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um auglýsingakostnað Reykjavíkurborgar, eftir því í hvaða miðlum er og hefur verið auglýst vegna ársins 2015, 2016 og 2017. Þá er óskað eftir sundurliðuðum kostnaði við birtingarhús eða birtingarráðgjafa og hversu mikið sé greitt í “kostaðar” auglýsingar á samfélagsmiðlum. Einnig óskast upplýst hvort að borgin hafi á þessu tímabili gert sérstaka auglýsinga eða kostunar samninga við fjölmiðla.

Frá: Kristjana Benediktsdóttir
Dags: 28.2.2018 10:03:42
Til:
Efni: Frá nefndasviði Alþingis - 190. mál

28. febrúar 2018

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til sveitarstjórnarlaga (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 190. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 14. mars á netfangið [HYPERLINK "mailto:nefndasvid@althingi.is"](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalíð er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0264.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni [HYPERLINK "http://www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html"](http://www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html)

Kveðja,

Kristjana Benediktsdóttir

skjalavörður

skrifstofu Alþingis, nefndasviði

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

sími 563-0433, fax 563-0430

[HYPERLINK "http://www.althingi.is/"](http://www.althingi.is/)www.althingi.is



Reykjavíkurborg

Málsnr. 216090034
Skjalasafn Ráðhúss
28. feb. 2018
Bréfalykill: 352

Reykjavík, 27. febrúar 2018

Borgarráð Reykjavíkurborgar
b.t. S.Björns Blöndal formanns
Ráðhús Reykjavíkur – Tjarnargötu
101 Reykjavík

Á 162. fundi hverfisráðs Laugardals sem haldinn var mánudaginn 26. febrúar 2018 var lagt fram erindi dags. 15. febrúar 2018 frá borgarráði ásamt áfangaskýrslu starfshóps um skipulags- og uppbyggingarmál á íþróttasvæði Þróttar og Ármanns á Þróttarsvæði í Laugardal.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Hverfisráð þakkar fyrir að fá áfangaskýrslu starfshópsins til kynningar og óskar eftir því að fá að fylgjast með framhaldi málsins. Skortur á íþróttaaðstöðu innanhúss í skólum hverfisins og fyrir Þrótt er vandamál sem þarf að leysa. Þess vegna er mikilvægt að flýta þeirri vinnu sem vísað er til í skýrslunni en jafnframt að líta heildstætt á skipulag og nýtingu Laugardals

Þessu er hér með komið á framfæri

F.h. hverfisráðs Laugardals
Sigtryggur Jónsson,



Reykjavíkurborg

Máster: 217080183
Skjalasafn Ráðhúss
28. feb. 2018
Bréfalykill: 3/0-1

Reykjavík, 27. febrúar 2018

Borgarráð Reykjavíkurborgar
b.t. S.Björns Blöndal formanns
Ráðhús Reykjavíkur – Tjarnargötu
101 Reykjavík

Á 162. fundi hverfisráðs Laugardals sem haldinn var mánudaginn 26. febrúar 2018 fór fram umdæða um tónlistarhátíðina Secret Solstice 2018.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Hverfisráð ítrekar fyrri afstöðu sína til þess að tónlistarhátíðin standi að hámarki yfir í 3 daga. Jafnframt óskar hverfisráð eftir því að umferð einkabifreiða um svæðið verði takmörkuð við íbúa, en tryggt verði samt sem áður aðgengi tónleikagesta með sérstökum almenningssamgöngum.

Þessu er hér með komið á framfæri

F.h. hverfisráðs Laugardals
Sigtryggur Jónsson,


Afrit: Ómar Einarsson, sviðsstjóri íþróttá- og tómastundasviðs

Stungarada.


Íbúafundur haldinn í Fólkvangi á Kjalarnesi 22. febrúar 2018 krefst þess að ráðist verði tafarlaust í nauðsynlegar úrbætur til að tryggja umferðaröryggi og greiðar samgöngur um Vesturlandsveg á Kjalarnesi.

Þegar hafa verið unnin drög að skipulagi fyrir öruggan veg. Til þess að hann geti orðið að veruleika þarf ríkisstjórn Íslands að tryggja fjárveitingu til frágangs skipulagsvinnu og síðan til framkvæmda. Brýn nauðsyn er að koma veginum í það horf að sú viðvarandi hættu sem verið hefur við akstur um Kjalarnes taki enda. Öryggi allra vegfarenda sé tryggt, hvort sem þeir eru akandi, gangandi, hjólandi eða fara um á hestum.

Fundurinn skorar því á ráðherra samgöngumála, ríkisstjórn Íslands, þingmenn kjördæmisins, borgarstjórn Reykjavíkur svoog bæjar- og sveitarstjórnarmenn á Suðvestur- og Vesturlandi að beita sér fyrir því að strax á þessu ári verði hafist handa við þessar lífsnauðsynlegu vegabætur.



Skrifstofa borgarstjórnar
Helga B. Laxdal, skrifstofustjóri
Ráðhúsinu
Helga.B.Laxdal@reykjavik.is



Reykjavík, 26. febrúar 2018

Efni: Rekstrarleyfi Gamla bíós

Virðulegi skrifstofustjóri

Hér meðfylgjandi er erindi sem undirritaður hefur sent embætti byggingarfulltrúa vegna beiðnar um lokaúttekt á Gamla bíói og umsóknar um rekstrarleyfi.

Þar er fyrst og fremst farið fram á að embættið ljúki við lokaúttekt og veiti jákvæða umsögn með umsókn um rekstrarleyfi í Gamla bíói.

Ef embættið getur ekki fallist á að rök þar að lútandi og aðgerðir umbjóðenda minna til að koma til móts við umkvartanir séu ekki fullnægjandi til að embættið ljúki nú við lokaúttekt og jákvæða umsögn, er til vara óskað eftir því að embættið veiti jákvæða umsögn við því að umbjóðendum mínum verði veitt áfram takmarkað leyfi og mögulega skipt leyfi milli aðalsalar Gamla bíós.

Hér með er ítrekuð ósk um að veitt verði jákvæð umsögn við beiðni umbjóðenda minna um rekstrarleyfi, þannig að það megi afgreiða án frekari vandkvæða frá leyfisveitanda. Sérstaklega er bent á að eigendur eignarinnar og rekstrarstjórar hafa ráðist í ýmsar ráðstafanir til að takmarka ónæði. Frekari aðgerðir eru að mati hljóðsérfræðinga erfiðar og kostnaðarsamar og munu raska minja gildi eignarinnar, sbr. fyrirbyggjandi skýrslu. Þannig eru kröfur byggingarfulltrúa bæði ólögmetar og íþyngjandi. Þá verður að taka inn í allt mat að eigendur Hverfisgötu 10 hafa ekki hirt nægjanlega um að gæta að hlóðvist í sinni eign, gestum til handa þrátt fyrir skyldur sínar þar að lútandi.

Ef ekki verður fallist á að klára lokaúttekt og veita jákvæða umsögn hjá embætti byggingarfulltrúa er hér og ítrekað að þeir geti fallist á að veitt verði tímabundið eða takmarkað rekstrarleyfi svo komist verði hjá rekstrarstöðvun Gamla bíós með tilheyrandi tjóni.

Munu umbjóðendur mínir þá geta fallist á að þeim verði nú veitt takmarkað rekstrarleyfi á meðan yfirstandi dómsmál er rekið fyrir dómstólum, milli umbjóðenda minna og eigenda Hverfisgötu 10 og hvar Reykjavíkurborg er stefnt til vara, og á meðan unnið er að úrlausn ágreinings við embætti byggingarfulltrúa

Bergþórugata 55
101 Reykjavík, Íceland
☎ + (354) 511 1190
lmbmandat.is

LMB | MANDAT


LÖGMANNSSTOFA | LEGAL SERVICES

um lokaúttekt með samkomulagi og frekari úrvinnslu eða fyrir dómi auk mögulegs dómsmál við Reykjavíkurborg um bætur vegna tjóns sem takmarkað leyfi veldur. Munu umbjóðendur mínir þá fallast nú á að þeim verði veitt leyfi sem háð yrði takmörkunum líkt og nú er í gildandi rekstrarleyfi, sem rennur út 1. mars n.k., þannig að, eins og rætt var á fundi hjá embætti byggingarfulltrúa 7. febrúar s.l.:

- veitt verði leyfi í flokki III fyrir aðalsal í Gamla bíó sem takmarkist þó við opnun til kl. 1.00 alla daga án skerðinga, þar með talið áfengislausar skólaskemmtanir, að þá verði rekstrarleyfishafi að sækja sérstaklega um lengri opnunartíma fyrir stökum viðburðum.
- að veitt verði leyfi í flokki III eða mögulega flokki II fyrir Petersen svítu til kl. 1.00 alla virka daga og til kl. 3.00 helgardaga, án skerðinga fyrir utan að útveitingaleyfi á svölum takmarkist við kl. 23.00.

Umbjóðendur mínir áskilja sér allan rétt hér að lútandi og er framangreind tillaga að takmarkað leyfi á meðan leyst er úr réttarágreiningu, sett fram með fyrirvara um rétt umbjóðenda minna til að fá útgefið ótakmarkað rekstrarleyfi þá síðar, eins og mælt er fyrir í lögum þar að lútandi, og mögulegan bótarétt umbjóðenda minna gagnvart Reykjavíkurborg vegna tjóns sem tafir og takmarkanir valda þeim.

Virðingarfyllst



Stefán Árni Auðólfsson lögm.

Bergþórugata 55
101 Reykjavík, Iceland
☎ + (354) 511 1190
lmbmandat.is

Embætti byggingarfulltrúa

Nikulás Úlfar Másson byggingarfulltrúi

Borgartúni

105 Reykjavík

(Nikulas.Ulfar.Masson@reykjavik.is)

Reykjavík, 22. febrúar 2018

Efni: Gamla bíó – lokaúttekt

Ágæti byggingarfulltrúi

Ég leyfi mér að vísa til tölvupósts þíns frá 9. febrúar og fundar okkar þann 7. febrúar varðandi lokaúttekt á Gamla bíói og rekstrarleyfi.

Eins og kunnugt er þá hafa umbjóðendur mínir ítrekað farið fram á að embætti byggingarfulltrúa klári og gefi út lokaúttekt vegna breytinga sem gerðar voru á Gamla bíói á grundvelli útgefna byggingarleyfa, sbr. fyrri samskipti og fyrirbyggjandi byggingarleyfi.

Embætti byggingarfulltrúa hefur hafnað útgáfu lokaúttektar. Höfnun embættisins byggir á kröfu um hljóðvistarskýrslu, eða eins og segir í pósti þínum, „...er litið svo á að það sé nú skýrt að eigendur Gamla bíós hafi ekki enn afhent fullnægjandi hljóðvistargögn. Embætti byggingarfulltrúa ítrekar að óskað er eftir að lögð verði fram úrbótaáætlun þar sem gerð er grein fyrir ætlunum og eftir atvikum senda inn önnur erindi sem talin eru geta leyst úr þeirri stöðu sem málið er í nú.“

Við útgáfu byggingarleyfis var ekki farið fram á hljóðvistargögn, en slík krafa hefur svo verið á eða af í ferlinu eins og þekkt er. Kröfu embættisins um hljóðvistargögn hefur ítrekað verið andmælt af umbjóðendum mínum. Á fundinum þann 7. febrúar kom fram að embættið byggir kröfur sínar um hljóðvistargögn á a. lið 11.1.3. gr. byggingarreglugerðar.

Umbjóðendur mínir geta ekki fallist á að um breytta notkun húsnæðis sé að ræða í skilningi byggingarreglugerðar grein 11.1.3.a., þar sem ekki er um breytta notkun eða nýja starfsemi að ræða. Um er að ræða samkomuhús, sbr. skilgreiningar þar á, sem hefur gegnt því hlutverki í áraraðir og nýlegar breytingar hafa engu breytt um það. Í húsinu hefur tónlist verið spiluð, matur reiddur fram og samkomur haldnar af ýmsu tagi. Hér er

og vísað til leiðbeininga Mannvirkjastofnunar 11.1.3 Staðfesting vegna breytinga þegar byggðra mannvirkja. Þar segir m.a. að „dæmi um breytta notkun er þegar atvinnuhúsnæði er breytt í íbúðarhúsnæði eða þegar iðnaðarhúsnæði er breytt í gististað“. Ef horft er til c. liðar sömu greinar þá verður krafa um hljóðvistargögn tæplega studd við hana, enda ekki byggt við húsið nema helst glerhýsi á 3. hæð og svo breytingar vegna lyftu og ekki hefur verið gerð athugasemd við hljóð vegna þeirra breytinga. og því ekki um viðbyggingu eða endurnýjun að ræða, enda stór hluti Gamla bíós friðaður. Þannig að horfa verður til b. liðar greinarinnar og verður að telja óumdeilt að hljóðvist Gamla bíós eftir breytingu sé fullnægjandi miðað við kröfur sem giltu þegar mannvirkiað var reist, eins og þar segir.

Óumdeilt er að framkvæmdum samkvæmt byggingarleyfum er lokið og að skilyrðum byggingarreglugerðar um þætti eins og snyrtingar, brunavarnir, aðkomu og aðstöðu fatlaðra o.fl. er fullnægt.

Vegna tafa við lokaúttekt hefur ekki verið hægt að gefa út varanlegt rekstrarleyfi til umbjóðenda minna. Því hefur embætti sýslumanns ítrekað þurft að gefa út bráðabirgðaleyfi, nú síðast 31. janúar 2018. Það leyfi er aðeins veitt til 30 daga og rennur út 2. mars 2018. Þá hafa útgefin bráðabirgðaleyfi verið bundin takmörkunum, sem hefur þrennt að starfsemi umbjóðenda minna og þannig valdið þeim rekstrartjóni.

Ljóst er að nokkuð ber enn á milli, en umbjóðendur mínir standa sem fyrr við yfirlýsingar um vilja til að leita lausna.

Með vísan til þess þá óska umbjóðendur mínir eftir að embættið gefi út jákvæða umsögn vegna umsóknar þeirra um rekstrarleyfi með vísan til eftirfarandi upplýsinga um hvað gert hefur verið til að mæta umkvörtunum vegna hljóðmengunar og vilja til frekari aðgerða.

- Núverandi rekstraraðilar Gamla bíós hafa sett upp stillanlegt dempunarkerfi (e. buffer) á hljóðkerfi í aðalsal húsnæðisins sem nú dempar hljóð við 95 db. Með þessu móti er gætt að bæði gestum og nágrönnum.
- Í aðalsal er möguleiki á að setja upp hallandi sætisraðir sem fyrr, eða raða upp öðrum húsgögnum með tilheyrandi áhrifum á hljóð.
- Þá hefur verulega verið dregið úr opnun og þjónustu á útisvölum og gæsla hert á því svæði. Umbjóðendur mínir vinna nú að tillögum um frekari afmörkun sem hægt væri að nýta t.d. þegar líður á kvöld.
- Umbjóðendur mínir lögðu fram hljóðvistar skýrslu á fundi með byggingarfulltrúa í september 2017, sem embættið hefur nú hafnað að teljist fullnægjandi eða trúverðug, sbr. fundinn í febrúar. Lýst er yfir furðu með höfnun embættisins á gæðum þeirrar skýrslu, sem unnin er af hæfum aðila, en með tilliti til sjónarmiða embættisins munu umbjóðendur mínir leita álits hvort einfaldar lausnir séu mögulegar eins og rætt var á fundinum. Þar verður þó að setja þann fyrirvara að ábyrgð á hljóðvist á milli Gamla bíós og 101 hótels getur ekki talist einhliða á könnu Gamla bíós, sbr. það sem komið hefur fram um sögu og breytingar á byggingunum og yfirstandandi dómsmál.

- Umbjóðendur mínir eru tilbúnir að taka á sig að upplýsa nággranna um dagskrá hússins ef eftir því er leitað, sem ætti að auðvelda samstarf og möguleika allra til að mætast.
- Umbjóðendur mínir munu áfram leita sátta með eigendum 101 hótels, en til þessa hefur slíkum boðum verið hafnað af eigendum hótelsins.
- Öll skilyrði hljóðvistar hafa verið uppfyllt á 3. hæð, svo sem vegna glerhýsis, en með tilliti til stöðunnar þá vilja umbjóðendur mínir kanna hvort frekari hljóðeinangrun á gangi sé möguleg og geti leitt til minni hljóðburðar yfir í herbergi hótelsins sem eru þar næst. Hér má benda á að helst virðist hljóðtruflun frá Gamla bíói vera í tveimur herbergjum hótelsins.
- Umbjóðendur mínir hafa í sínum rekstri reynt að taka tillit til umkvartana nággranna, eftir því sem hægt hefur verið og einnig gætt að því að uppfylla þau skilyrði sem rekstrinum hafa verið sett. Þeir lýsa því yfir vilja til að vinna áfram á þeim grunni.
- Það skal tekið fram að umbjóðendur mínir hafa ekki fengið að sjá þær umkvartanir sem fullyrt var, á fundinum í febrúar, að lægju fyrir vegna háfaða frá Gamla bíói. Þeir hafa því ekki haft tækifæri til að meta þær eða bregðast við. Samkvæmt skoðun á athugasemdum á ferðavefnum Trip-Advisor síðustu mánuði snúa nær allar umkvartanir vegna háfaða á 101 hóteli að háfaða innan hótelsins og svo hljóði frá götu. Fram hefur komið í fréttum að 80 kvartanir liggi fyrir, en miðað við fjölda opnunardaga Gamla bíós telst sá fjöldi varla til óbærilegra óþæginda miðað við rekstur og staðsetningu. Svo hægt sé að leggja mat á umkvartanir, er þess óskað að fá afrit af þeim kvörtunum sem nefnt var á framangreindum fundi að liggi fyrir. Reynt verður að bregðast við umkvörtunum eftir því sem hægt er.

Umbjóðendur mínir vonast til að framangreind atriði og vilji til frekari aðgerða séu þess efnis að embættið geti fallist á að veita jákvæða umsögn vegna umsóknar þeirra um rekstrarleyfi.

Ef ekki þá er ljóst að lengri tíma þarf en til 1. mars og að mögulega þurfi að leysa ágreining um hljóðvistarkröfur á öðrum vettvangi auk þess að bíða niðurstöðu í því dómsmáli sem þingfest hefur verið.

Það verður að áréttá hér, þrátt fyrir vilja til sátta, að umbjóðendur mínir telja að höfnun embættisins á að ljúka við lokaúttekt, sem byggir á óvísri kröfu um hljóðvistargögn, sé ólöglegt og að við afgreiðslu erindisins hafi reglur stjórnslulaga ítrekað verið brotnar. Umbjóðendur mínir áskilja sér áfram allan rétt hvað það varðar, ef ekki verður nú brugðist við og lokaúttekt kláruð.

Beiðni:

Með vísan til framangreinds er hér með óskað eftir að embætti byggingarfulltrúa ljúki við umbeðna lokaúttekt umbjóðenda minna og byggingarstjóra og veiti jákvæða umsögn vegna óskar um rekstrarleyfi í Gamla bíói.

LMB | MANDAT


LÖGMANNSSTOFA | LEGAL SERVICES

Ef ekki verður fallist á að klára lokaúttekt og veita jákvæða umsögn verða umbjóðendur mínir að óska eftir til vara að embættið fallist á að veitt verði tímabundið eða takmarkað rekstrarleyfi svo komist verði hjá rekstrarstöðvun Gamla bíós. Munu umbjóðendur mínir þá geta fallist á, með fyrirvörum, að leita eftir takmörkuðu rekstrarleyfi á meðan yfirstandi dómssmál er rekið fyrir dómstólum, milli umbjóðenda minna og eigenda Hverfisgötu 10 og hvar Reykjavíkurborg er stefnt til vara, og á meðan unnið er að úrlausn ágreinings við embættið um lokaúttekt með samkomulagi og frekari úrvinnslu eða fyrir dómi. Munu umbjóðendur mínir þá geta fallist á tímabundið að þeim verði veitt leyfi sem háð yrði takmörkunum líkt og nú er í gildandi rekstrarleyfi þannig að, eins og rætt var á fundinum í febrúar:

- veitt verði leyfi í flokki III fyrir aðalsal í Gamla bíó sem takmarkist þó við opnun til kl. 1.00 alla daga án skerðinga, þar með talið áfengislausar skólaskemmtanir, að þá verði rekstrarleyfishafi að sækja sérstaklega um lengri opnunartíma fyrir stökum viðburðum.
- að veitt verði leyfi í flokki III eða mögulega flokki II fyrir Petersen svítu til kl. 1.00 alla virka daga og til kl. 3.00 helgardaga, án skerðinga fyrir utan að útiveitingaleyfi á svölum takmarkist við kl. 23.00.

Framangreind beiðni til vara er sett fram með fyrirvara um betri rétt umbjóðenda minna, samþykki leyfisveitanda og áskilnað um að þeir geti hvenær sem sótt um fullt og ótakmarkað rekstrarleyfi ef niðurstöður dómsmála eða mögulegra úrbótaáætlana leiða til þess að hægt er að ljúka málinu.

Virðingarfyllst



f.h. umbjóðenda minna

Stefán Árni Auðólfsson lögm.

Afrit sent á:

Skrifstofa borgarstjóra Reykjavíkurborgar

Helga Laxdal, skrifstofustjóri

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Sigurður G. Hafstað, fagstjóri

Bergþórugata 55
101 Reykjavík, Iceland
☎ + (354) 511 1190
lmbmandat.is

B.t. Reykjavíkurborgar

Frá Félagi ábyrggra hundaeigenda

10. febrúar 2018

Áskorun til Reykjavíkurborgar

Félag ábyrggra hundaeigenda skorar á Reykjavíkurborg að eiga samtali við hundaeigendur um framtíðarsýn borgarinnar varðandi málefni hunda.

Kannanir sýna að um 20% heimila í landinu haldi hund og eru því hundar hluti af mörgum fjölskyldum í borginni.

Raddir hundaeigenda hafa ekki fengið að heyrast þegar teknar hafa verið ákvarðanir varðandi málefni er varða þá og teljum við í Félagi ábyrggra hundaeigenda vera orðið löngu tímabært að hlustað sé á það sem þeir hafa fram að færa.

Okkur hefur sýnst á þeim svæðum í borginni sem skipulögð hafa verið að undanfögnu að ekki sé gert ráð fyrir hundum.

Því skorar Félag ábyrggra hundaeigenda á borgina að eiga samtali við hundaeigendur og horfa inn í framtíðina með þeim varðandi það að gera Reykjavík að hundavænni borg.

Virðingarfyllst, stjórn Félags ábyrggra hundaeigenda

STÓRA bílastæðamálið



Stóra bílastæðamálið

Aðgengi að bílastæðum fyrir hreyfihamlaða

Fyrir hreyfihamlað fólk er bíllinn eitt mikilvægasta hjálpartækið og forsenda fyrir því að geta farið milli staða. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða þurfa að uppfylla sérstök ákvæði til að vera nothæf, svo sem um nálægð við áfangastað, lágmarksstærðir og hámarkshalla. Um þau verða að gilda skýrar reglur, en almenn tillitssemi er líka nauðsynleg. Hver er staðan og hvert er stefnt?

Málefnaþingur ÖBÍ um aðgengi stendur fyrir málþingi um aðgengi að bílastæðum fyrir hreyfihamlaða í tengslum við alþjóðlegan dag aðgengis. Á málþinginu verður fjallað um hvaða reglur gilda um bílastæði fyrir hreyfihamlaða og stæðiskort fyrir hreyfihamlaða, og hvaða breytingar eru fyrirhugaðar. Kynntar verða áherslur ÖBÍ um ný umferðarmerki fyrir hreyfihamlað fólk og um aðgengi að hleðslustöðvum fyrir rafbíla. Þá verður aðgengisviðurkenning Reykjavíkurborgar afhent í annað sinn.

Staður: Gullteigur, Hótel Grand.

Stund: Mánudaginn 12. mars, kl. 13:00 – 16:00.

Fundarstjóri: Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar Ish.

Dagskrá:

13:00	Málþingið sett
13.10	Aðgengisviðurkenning Reykjavíkurborgar afhent Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
13.30	Nýtt merki, ný ásýnd - samtal um táknmyndir hreyfihamlaðra Rúnar Björn Herrera, formaður málefnaþings ÖBÍ um sjálfstætt líf og Goddur, prófessor við Listaháskóla Íslands
14:00	Takmörkuð auðlind - réttindi, skyldur og tillitssemi notenda Ingveldur Jónsdóttir, formaður málefnaþings ÖBÍ um aðgengi
14:20	Kaffihlé
14:40	Aðgengishandbók – kröfur og leiðbeiningar um bílastæði Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir og Berglind Hallgrímsdóttir, Verkís
15:00	Viðmið fyrir útgáfu stæðiskorta Anna Björg Aradóttir, Embætti Landlæknis
15:20	Reglur fjöleignahúsa um bílastæði hreyfihamlaðra Bryndís Héðinsdóttir, lögmaður Húseigendafélagsins
15:40	Rafbílar – líka fyrir hreyfihamlað fólk? Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar Ish.
16:00	Samantekt og fundarlok

Aðgangur er ókeypis. Rit- og táknmálstúlkun er í boði. Skráning fer fram á <https://www.obi.is/is/um-obi/vidburdir/stora-bilastaedamalid/skraning-stora-bilastaedamalid>.



Ályktun aðalfundar Umhverfsvaktarinnar við Hvalfjörð 2018

Þessari ályktun er beint sérstaklega til stjórnmalaflokka í Reykjavík

Aðalfundur Umhverfsvaktarinnar við Hvalfjörð, haldinn í Garðakaffi á Akranesi 25. febrúar 2018 skorar á stjórnmalaflokka í Reykjavík að leggja fremur metnað sinn í að efla atvinnulíf innan marka borgarinnar, en að stuðla að mengandi stóriðju í öðru sveitarfélagi enda koma neikvæð áhrif hins óhreina iðnaðar fram þar. Hér er átt við iðjuver á Grundartanga og áhrif þeirra á Hvalfjörð allan.

Virðingarfyllt,

Umhverfsvaktin við Hvalfjörð

From: Anna G. Björnsdóttir [mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is]
Sent: 5. mars 2018 10:57
Subject: CEMR ráðstefna um jafnrétti, fjölbreytileika og þátttöku allra -"Early Bird" framlengt

Rétt að kynna skráningarfrestur til að njóta lægri ráðstefnugjalda hefur verið framlengdur til 20. mars.

Frá: Anna G. Björnsdóttir
Sent: þriðjudagur, 27. febrúar 2018 12:13
Efni: Ráðstefna um jafnrétti, fjölbreytileika og þátttöku allra

Ágæti framkvæmdastjóri/oddviti

Sambandið er aðili að Evrópusamtökum sveitarfélaga og svæða, CEMR.

CEMR stendur á fjögurra ára fresti fyrir ráðstefnu fyrir evrópska sveitarstjórnarmenn um málefni sem tengjast jafnréttis-, innflytjenda- og mannréttindamálum. Slík ráðstefna verður haldin í Bilbao, Spáni 11.-13. júní nk. í samstarfi við Bilbaoborg og basneska sveitarfélagasambandið.

Ljóst er að þetta er ekki heppilegasta dagsetningin fyrir íslenska sveitarstjórnarmenn, svo skömmu eftir sveitarstjórnarkosningar. Engu að síður er þess farið á leit að ráðstefnan og meðfylgjandi boðsbréf verði kynnt fyrir fulltrúum í sveitarstjórn og nefnd sveitarfélagsins sem fer með málefni ráðstefnunnar, svo og fyrir stjórnendum þessara málaflokka hjá sveitarfélaginu.

Vakin er athygli á lægri skráningargjöldum ef skráningar eiga sér stað fyrir 5. mars nk.

Með fyrirfram þökk og kveðju
Anna Guðrún

Anna Guðrún Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs
Beint innval: 515 4920
Netfang: mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is
Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Til allra sveitarstjórna

FUNDARBOÐ

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna ársins 2018 verður haldinn föstudaginn 23. mars 2018 kl. 15:00 á Grand Hótel Reykjavík.

Vakin er athygli á því að allir sveitarstjórnarmenn eiga rétt á að sækja aðalfundinn svo og fulltrúar fjölmiðla skv. hlutafélagalögum (nr. 2/1995).


Dagskrá aðalfundar

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2017 lagður fram til afgreiðslu.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Kosning stjórnar skv. 15. gr. samþykktanna.
6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra.
9. Önnur mál.

Ársreikning fyrir árið 2017 ásamt tillögum til aðalfundar verður að finna á heimasíðu lánasjóðsins www.lanasjodur.is og á skrifstofu sjóðsins frá 9. mars nk.

Virðingarfyllst

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA OHF.



Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

From: Anna G. Björnsdóttir <anna.g.bjornsdottir@samband.is>

Date: 5 March 2018 at 14:34:50 GMT

To: Undisclosed recipients;

Subject: Skráning á kynningarfund 22. mars nk. um handbók um íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa

Ágæti framkvæmdastjóri/oddviti

Með tölvupósti 14. feb. sl., sjá hér að neðan, var kynnt að sambandið hefur gefið út handbók fyrir sveitarfélög um íbúasamráð og þátttöku íbúa og var þess farið á leit að hún verði kynnt fyrir sveitarstjórn og stjórnendum sviða og stofnana.

Handbókin er aðgengileg hér

http://www.samband.is/media/lydraedi---mannrettindi/Lydraedisrit_loka.pdf

Enn fremur var kynnt að sambandið áformar að fylgja bókinni úr hlaði með kynningarfund 22. mars nk. frá kl. 14-16. Allir áhugasamir voru boðnir velkomnir en sveitarfélög voru sérstaklega hvött til að íhuga þátttöku starfsmanna sem gætu tekið að sér að vera leiðandi í þekkingaruppbyggingu um íbúasamráð innan sveitarfélagsins.

Þess er farið á leit að áhugasamir skrái þátttöku með tölvupósti á anna@samband.is í sl. 15 mars nk. og hvort þeir óski að vera í fjarfundi eða mæta hingað í Borgartún 30.

mgkv

Anna Guðrún

Frá: Anna G. Björnsdóttir

Sent: miðvikudagur, 14. febrúar 2018 15:26

Efni: Handbók um íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa

Ágæti framkvæmdastjóri/oddviti

Samkvæmt stefnumörkun sambandsins fyrir þetta kjörtímabil skal sambandið styðja sveitarfélögin við að ná tökum á þátttökulýðræði og öðrum nýmælum í lýðræðisátt.

Í samræmi við þetta markmið stóð sambandið fyrir námsferð fyrir sveitarstjórnarmenn til Svíþjóðar haustið 2016 til að kynna sér hvernig sænsk sveitarfélög vinna að íbúasamráði og haustið 2017 stóð það fyrir málþingi til að kynna fyrirmyndarverkefni sveitarfélaga á þessu sviði, sjá <http://www.samband.is/verkefnin/lydraedis--og-mannrettindamal/lydraedi-i-sveitarfelogum/>.

Nú hefur sambandið fylgt þessu átaki eftir með því að gefa út handbók fyrir sveitarfélög um íbúasamráð og þátttöku íbúa sem er aðgengileg hér

http://www.samband.is/media/lydraedi---mannrettindi/Lydraedisrit_loka.pdf

Þess er vinsamlega farið á leit að handbókin verði kynnt fyrir sveitarstjórn og stjórnendum sviða og stofnana.

Sambandið áformar að fylgja bókinni úr hlaði með kynningarfundum 22. mars nk. frá kl. 14-16. Allir áhugasamir eru velkomnir en sveitarfélög eru sérstaklega hvött til að íhuga þátttöku starfsmanna sem gætu tekið að sér að vera leiðandi í þekkingaruppbyggingu um íbúasamráð innan sveitarfélagsins. Fundurinn verður væntanlega haldinn í húsnæði sambandsins að Borgartúni 30 eftir því sem húsrúm leyfir. Boðið verður upp á fjarfundatengingu.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til undirritaðar og hvort óskað sé eftir fjarfundabátttöku.

Að lokum vill sambandið kynna að eftir málþingið í haust var stofnaður samráðshópur sveitarfélaga um íbúasamráð. Hér er tengill á hópinn

https://www.facebook.com/groups/144440596147194/?source=create_flow. Við fögnum fleiri vinum. 😊

mgkv

Anna Guðrún



Anna Guðrún Björnsdóttir

sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

Beint innval: 515 4920

Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Frá: Kristjana Benediktsdóttir
Dags: 6.3.2018 12:01:55
Til:
Efni: Frá nefndasviði Alþingis - 178. mál til umsagnar

6. mars 2018

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu (réttur til einbýlis og sambúðar við maka á öldrunarstofnunum), 178. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 3. apríl nk. á netfangið [HYPERLINK "mailto:nefndasvid@althingi.is"](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalíð er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0252.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni [HYPERLINK "http://www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html"](http://www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html)

Kveðja,

Kristjana Benediktsdóttir

skjalavörður

skrifstofu Alþingis, nefndasviði

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

sími 563-0433, fax 563-0430

[HYPERLINK "http://www.althingi.is/"](http://www.althingi.is/)

Frá: Kristjana Benediktsdóttir
Dags: 6.3.2018 15:50:25
Til:
Efni: Frá nefndasviði Alþingis - 236. mál til umsagnar

6. mars 2018
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgengi að stafrænum smíðjum, 236. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 23. mars nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0332.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,

Kristjana Benediktsdóttir
skjalavörður
skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sími 563-0433, fax 563-0430
www.althingi.is



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. mars 2018

Efni: Umsögn Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2016, um útlendinga (fylgdarlaus börn), þingskjal 42 – 42. mál.

Varðandi b lið 2. gr. lagafrumvarpsins

Gert er ráð fyrir að nýr málslíður bætist við 6. mgr. 24. gr. laga nr. 80/2016 eða „*Fulltrúi barnaverndaryfirvalda skal þegar taka við umsjón og ábyrgð á því að réttinda barnsins og hagsmuna sé gætt meðan á málsmeðferð vegna umsóknar um alþjóðlega vernd stendur*“.

Ljóst er af framangreindu að ákvæði þetta felur í sér að auknar skyldur og miklar ábyrgðir eru lagðar á barnaverndarnefndir sem fela í sér kostnaðaraukningu og aukið vinnuframlag starfsmanna. Rík áhersla er lögð á að tryggt verði að fjármagn fylgi með frá ríkinu til sveitarfélaga vegna aukins vinnuálags starfsmanna barnaverndarnefnda en nú er svo að aðeins útlagður kostnaður er greiddur vegna fylgdarlausra barna. Ekki verður séð af lagafrumvarpinu, hvorki efnisgreinum þess eða umfjöllun, að gert sé ráð fyrir að til komi fjármagn vegna þessa og verður að gera athugasemd við það.

Hefur ákvæðið verið kostnaðargreint hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar vegna aukins vinnuframlags og er niðurstaðan sú að um 0.75 stöðugildi þurfi til þess að sinna þessu verkefni miðað við umfang undanfarin misseri en kostnaður þess er metin um 8.1 mkr. á ársgrundvelli.

Varðandi 4. gr. lagafrumvarpsins:

Í lagafrumvarpinu kemur fram að sett verði á stofn sérstakt móttökuheimili fyrir börn en áður virðist ekki hafa verið gert ráð fyrir sérstökum dvalarstað fyrir fylgdarlaus börn heldur einungis einni gerð af móttökumiðstöð þar sem öllum aldurshópum hafi verið ætlað að dvelja. Telur Velferðarsvið Reykjavíkur mikilvægt og mjög til bóta fyrir vegaláus börn að af þessu verði enda er það ekki boðlegt fyrir fylgdarlaus börn að dvelja með fullorðnum einstaklingum en viðurkennt er að margar hættur steðja að þessum hópi barna. Um er að ræða viðkvæman og berskjaldaðan hóp barna sem þurfa oft á miklum stuðningi að halda. Huga þarf sérstaklega að því að tryggja hagsmuni þeirra og velferð og er það í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sbr. lög nr. 19/2013. Er bent á mikilvægi þess að fyrirhuguð móttökustöð verði mönnuð fagfólki og einstaklingum með flekklausan feril og eftirlit verði sýnilegt og reynt verði eftir fremsta megni að gera staðinn vinalegan og öruggan. Mikilvægt er



Reykjavíkurborg

Barnavernd Reykjavíkur

að bjóða þessum börnum upp á markvissan stuðning og sérstök úrræði eins og gert er í nágrannalöndum okkar.

Þá er rétt að benda á að flóttamenn á aldrinum 18 – 25 ára eru líka í viðkvæmri stöðu og mikilvægt er að hugað sé að þjónustu og stuðningi við þann hóp.

Varðandi 5. gr. lagafrumvarpsins:

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að starfsmaður barnaverndaryfirvalda skuli **ávallt** vera viðstaddur viðtöl Útlendingastofnunar við börn. Varðandi athugasemdir um grein þessa vísast til umfjöllunar um b lið 2. gr. frumvarpsins hér að framan en ekki verður annað séð en að með þessu sé verið að leggja enn ríkari skyldur á barnaverndarstarfsemi en núgildandi lög gera ráð fyrir sem leiðir af sér aukið vinnuálag á barnaverndarstarfsmenn og því þarf að tryggja að fjármagn fylgi með til sveitarfélaga.

Að lokum er bent á mikilvægi þess að útbúið sé verklag vegna vinnu með börnum án fylgdarmanna þar sem hlutverk hvers og eins er kemur að málefnum þeirra er skýrt eins og kostur er.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef frekari upplýsinga eða gagna er óskað.

Fyrir hönd Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Barnaverndar Reykjavíkur,

Sigríður María Jónsdóttir

Lögfræðingur Barnaverndar Reykjavíkur

BORGARRÁÐ 7. september 2017: Breytt tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun lóðar í Suður-Mjódd til félags eldri borgara - R17060227

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að Félagi eldri borgara verði úthlutað lóð undir fjölbýlishús í Suðri-Mjódd til viðbótar þeim tveimur lóðum sem félaginu hefur nú þegar verið úthlutað á svæðinu. Skal í þessu sambandi litið til reits norðvestanmegin á svæðinu sem merktur er C1 á deiliskipulagsupprætti. Mikil spurn er eftir íbúðum félagsins og ljóst að það þarf á fleiri lóðum að halda til að geta svarað henni. Margvíslegt hagræði verður af því að úthluta félaginu slíkri viðbótarlóð sem næst öðrum lóðum er félagið hefur nú þegar fengið til uppbyggingar í Mjóddinni. Ljóst er t.d. að hagkvæmt er að koma slíkri viðbótarlóð fyrir sem næst þjónustumiðstöð velferðarsviðs að Árskógum 4 sem veitir eldri borgurum mikilvæga þjónustu.

Borgarráð

Tillaga um um aukin atvinnutækifæri unglinga

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 27. febrúar 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga Arndísar Maríu Ólafsdóttur frá ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að auka atvinnutækifæri unglinga með því að gera ráð fyrir hlutastörfum á elliheimilum, frístundaheimilum yngsta stigs grunnskóla og á leikskólum á veturna sem eru ætluð unglingum með skóla og þannig aðstoða borgina með mönnun á þessa staði sem erfitt hefur verið að fá starfsfólk.

Greinargerð:

Tillaga okkar snýst um auka atvinnumöguleika nemenda á unglingastigi grunnskóla. Að unglingum verði boðið upp á vinnu á leikskólum, frístundaheimilum og í félagsstarfi með eldri borgurum og taki þar með þátt í samfélaginu og leysi vanda stofnana sem eru í leit að starfsfólki. Þetta er hugsuð sem vinna í 2-3 tíma á dag að loknum skóladegi. Áhugasamir umsækjendur myndu gangast undir atvinnuviðtal hjá starfsmanni félagsmiðstöðvar og stjórnanda viðeigandi stofnana sem og að þátttaka í skóla og mæting væri metin. Þetta mun hafa bæði jákvæð áhrif á samfélagið og auka reynslu ungmenna á atvinnumarkaði. Við krefjumst þess að tillaga okkar taki gildi að loknu sumri 2018.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar borgarráðs.

Athygli er vakin á því að **tillagan var ekki samþykkt á fundinum** og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fyrir, taka til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Æskilegt er að fulltrúi úr Reykjavíkurráðinu verði boðaður á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Óskað eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af borgarráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:
Reykjavíkurráð ungmenna



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

215090112
175

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 1. mars 2018

1605117SA KB
Málalykill: 11.42

Efni: Drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 23. febrúar 2018 var lögð fram til kynningar og umræðu drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum þar sem fjallað er um stefnumótun vegna uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum, leiðum og svæðum. Um er að ræða fyrstu 12 ára landsáætlun og þriggja ára verkefnaáætlun sem unnar eru samkvæmt lögum, nr. 20/2016, um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur sveitarstjórnir og þá sem vinna fyrir þeirra hönd að málefnum ferðapjónustu og ferðamannastaða til þess að kynna sér landsáætlunina og senda umsögn ef talið er tilefni til.

Athygli er vakin á því að stefna landsáætlunar og sú forgangs röðun sem fram kemur í verkefnaáætluninni ætti enn fremur að geta nýst við gerð áfangastaðaáætlana sem einstakir landshlutar vinna nú að. Einnig er rétt að hafa í huga að ferðamannastaðir sem þarfnast uppbyggingar eða verndunaraðgerða eru mun fleiri en fram kemur í þeirri verkefnaáætlun til þriggja ára sem nú er birt.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Reykjavík 5. desember 2017

Reykjavíkurborg
Borgarráð
Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Orkuhússreitur – Þróun lóðar

Með bréfi þessu óska Reitir fasteignafélag hf. eftir samstarfi við Reykjavíkurborg um þróun, skipulag og uppbyggingu á lóðinni nr. 34 við Suðurlandsbraut með áherslu á uppbyggingu íbúða.

Suðurlandsbraut 34 er 26.239 fm lóð og nær frá Suðurlandsbraut að Ármúla. Á lóðinni eru tvær fasteignir, Ármúli 31 og Suðurlandsbraut 34 (Orkuhúsið) en báðar eignirnar voru á árum áður í eigu Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Birt flatarmál fasteigna er í dag um 10.800 fm.

Lóðin er á skilgreind á Miðsvæði M2d/e og þróunarsvæði Þ57 samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið „Suðurlandsbraut – Ármúli, 1.265“ sem samþykkt var í borgarráði 25. júlí árið 2000 en deiliskipulagið gerir ráð fyrir 29.900 fm byggingamagni á lóðinni (nýting 1,6) á 3 til 8 hæðum.

Að mati félagsins liggur lóðin afar vel að þróunarás aðalskipulagsins, þ.e.a.s. að Laugavegi/Suðurlandsbraut og eins liggur hún að Grensásvegi en báðum götum er ætlað stærra hlutverk í borgarsamhenginu til framtíðar.


Skipulags- og byggingaráform Reita felast í því að rífa núverandi húsnæði að Ármúla 31 ásamt lágbyggingum Orkuhússins og byggja upp blandað hverfi með íbúðum, skrifstofum, verslunum og þjónustu. Reitir hafa látið vinna frumhugmyndir að skipulagi lóðar sem miðast við randbyggðarfyrirkomulag í anda verðlaunatillögu í hugmyndasamkeppni fyrir Laugaveg/Skipholt (Heklureitir). Samkvæmt frumtillögu mætti byggja um 48.100 fm á lóðinni (nýting 1,8) sem gæti borið 280 – 350 íbúðir auk verslunar- og þjónusturýma á jarðhæðum meðfram Ármúla, Grensásvegi og Suðurlandsbraut. Þá er gert ráð fyrir að Orkuhúsið standi áfram og að unnið verði með græn svæði og gróður sem fyrir er á lóðinni, sjá nánar tillögu THG arkitekta á næstu síðu.

Að mati Reita mætti skapa aðlaðandi og eftirsóknarvert borgarumhverfi á lóðinni, hvort sem litið er til búsetu eða starfa. Þá mun ofangreint verkefni styðja við Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar er varðar framboð nýrra íbúða á þéttingasvæðum. Þess er vænst að hægt verði að ganga rösklega til verks og hefja nauðsynlegan undirbúning að nýju deiliskipulagi strax í byrjun næsta árs.

Með von um jákvæðar undirtektir.

Virðingarfyllt,

f.h. Reita fasteignafélags hf.




Friðjón Sigurðarson,
framkvæmdastjóri þróunarsviðs

SUÐURLANDSBRAUT 34 OG ÁRMÚLI 31

FRAMTÍÐARSÝN - TILLAGA AÐ BLANDADÞRI BYGGÐ

Tillaga B
27.10.2017



NÚVERANDI BYGGING

SKRIFSTOFURÝMI	3.000 m ²
VERSLUNARRÝMI	520 m ²
ALLS	3.520 m ²

NÝBYGGINGAR

SKRIFSTOFURÝMI	7.700 m ²
VERSLUNARRÝMI	4.500 m ²
ÍBÚÐIR	32.380 m ²
ALLS	44.580 m ²
BÍLAKJALLARI	11.890 m ²

NÝTINGAHLUTFALL

BYGGINGAR ALLS	48.100 m ²
STÆRÐ LÖÐAR	26.239 m ²

NHLTF.:

$$48.100 / 26.239 = 1,8$$